

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 61 (29.8.2022) - Vindorka í Múlaþingi

**Málsnúmer** : 202111136  
**Málsaðili** : Múlaþing  
**Niðurstaða (stutt)** : Vísað til nefndar  
**Fundardagur** : 29.08.2022

**Inngangur** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur endanleg útgáfa skýrslu um greiningu á hentugleika svæða til nýtingar vindorku í Múlaþingi.

**Niðurstaða** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir allra heimastjórna Múlaþings um drög að skýrslu um greiningu hentugleika svæða til nýtingar vindorku í Múlaþingi. Jafnframt er lögð fram endanleg útgáfa skýrslunnar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar fyrir vel unna skýrslu og samþykkir að vísa fyrirbyggjandi skýrslu til kynningar og umfjöllunar hjá sveitarstjórn Múlaþings.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fulltrúar V-lista(PH og HSÞ) lögðu fram eftirfarandi bókun:

Virkjun vinds er mögulega hluti þess sem við viljum nýta til raforkuframleiðslu í framtíðinni. Áður en það verður þarf Alþingi að skapa lagalega umgjörð um hvar má og hvar ekki virkja vind og að verðleggja þá auðlynd sem vindur og landnýting tengt virkjun hans eru. Vinna að því er hafin, en einhver bið verður á fullbúinni löggjöf á því sviði. Bíða þarf þeirrar umgjarðar svo forðast megi það slys sem varð í fiskeldissögu Íslands, þar sem leyfisveitingar hófust áður en lagaleg umgjörð lá fyrir. Komi til samþykktar sveitarfélagsins á skýrslu Eflu gæti í versta falli þýtt að samþykkt væri plagg, unnið á grunni rangra forsenda. Því skyldi ekki nýta þessa skýrslu til gerðar aðalskipulags, þó hún geti einhvern tíman orðið gagnleg, þá er sá tími ekki kominn. Þannig ber að kynna sess hennar fyrir íbúum.